



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Rekstur Droplaugarstaða og dagdvala

Lagt er til að velferðarráð samþykki að fela velferðarsviði að hefja viðræður við ríkið um að annar rekstraraðili taki við rekstri hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða. Samhliða verði kannað hvort hagkvæmt og æskilegt sé að sérhæfða dagdvölin Esjutún fylgi rekstri Droplaugarstaða eða verði færð ásamt almennu dagdvölinni Þorraseli til annars rekstraraðila. Í tengslum við viðræður um framtíð Droplaugarstaða verði hafinn undirbúningur að mögulegri sölu húsnæðisins. Gert verði að skilyrði við sölu að húsnæðið verði áfram nýtt undir rekstur hjúkrunarheimilis.

Við alla vinnu við breytingarnar verði sérstaklega gætt að hagsmunum íbúa og þjónustuþega og tryggt að farsælliga verði staðið að starfsmannamála. Velferðarráði verði reglulega gerð grein fyrir framgangi viðræðna og undirbúningsvinnunnar.

Greinargerð:

Tillagan er í samræmi við áherslur meirihluta borgarstjórnar sem fram koma í kaflanum „*Rekstur og umhirða*“. Þar er annars vegar lögð áhersla á að rekstur hjúkrunarheimilisins Droplaugarstaða færist frá Reykjavíkurborg og hins vegar að unnið verði að því að nýta söluandvirði eigna til innviðafjárfestinga og niðurgreiðslu skulda.

Rekstur hjúkrunarheimila og dagdvala er hluti heilbrigðisþjónustu og málaflokkurinn heyrir undir heilbrigðisráðuneytið. Á undanförunum árum hefur þróunin jafnframt verið sú að sveitarfélög hafa dregið sig út úr beinum rekstri hjúkrunarheimila. Með hliðsjón af skýrum áherslum meirihlutans er ekki talin þörf á frekari stefnumörkun velferðarráðs áður en formlegar viðræður við ríkið hefjast.

Við undirbúning breytinganna þarf að leggja mat á hvort farsælla sé að dagdvölin Esjutún fylgi rekstri Droplaugarstaða eða að rekstur Esjutúns fylgi með í fyrirhuguðum flutningi dagdvalar Þorrasels sem þegar hefur verið samþykkt að flytji til nýs rekstraraðila. Við það mat verði einkum horft til samfellu í þjónustu, hagsmuna þjónustuþega, rekstrarlegs ávinnings og starfsmannamála.

Möguleg sala húsnæðis Droplaugarstaða verði háð því skilyrði að þar verði áfram rekið hjúkrunarheimili enda kemur fram í verkefnalista meirihlutans vilji til staðsetningar hjúkrunarheimila í Reykjavík samanber „Við ætlum að gera átak í uppbyggingu hjúkrunarheimila í samstarfi við ríkið og einkaaðila, svo sem Grund og Hrafnistu o.fl.“.





Þannig verði tryggt að húsnæðið nýtist áfram í þágu öldrunarþjónustu, þrátt fyrir breytingar á eignarhaldi og rekstrarfyrirkomulagi.

Samhliða þessari vinnu er rétt að Reykjavíkurborg haldi áfram samtali við heilbrigðisráðuneytið um ábyrgð á húsnæði dagdvala og fjármögnun húsnæðiskostnaðar. Mikilvægt er að ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á þessum þætti þjónustunnar verði skýr og að Reykjavíkurborg beri ekki kostnað sem með réttu ætti að falla undir fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar.

